

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1954 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga ..	kr.	338 800 000.00	kr.	422 719 485.14
2. — — 3. — A.	— ..	—	98 659 886.00	—	121 316 506.43
3. — — 3. — B.	— ..	—	10 000.00	—	28 786.58
4. — — 4. —	— ..	—	1 983 000.00	—	2 903 293.84
5. — — 5. —	— ..	—	4 100 000.00	—	4 149 299.14
6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	3 250 000.00	—	34 104 161.14
				Kr. 446 802 886.00	Kr. 585 221 532.27

Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1. Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga ..	kr.	3 417 428.00	kr.	3 506 374.54
2. — — 8. —	— ..	—	560 161.00	—	994 124.00
3. — — 9. —	— ..	—	3 744 797.00	—	5 126 074.53
4. — — 10. — I.	— ..	—	6 416 702.00	—	9 134 455.57
5. — — 10. — II.	— ..	—	1 061 800.00	—	1 028 652.70
6. — — 10. — III.	— ..	—	6 461 800.00	—	7 345 039.82
7. — — 11. — A.	— ..	—	26 398 395.00	—	29 106 915.00
8. — — 11. — B.	— ..	—	1 596 373.00	—	2 245 077.45
9. — — 11. — C.	— ..	—	10 704 101.00	—	12 399 841.58
10. — — 11. — D.	— ..	—	550 000.00	—	654 263.73
11. — — 12. —	— ..	—	30 164 090.00	—	30 552 084.05
12. — — 13. — A.	— ..	—	41 597 997.00	—	53 701 556.51
13. — — 13. — B.	— ..	—	8 167 500.00	—	11 038 537.23
14. — — 13. — C.	— ..	—	12 211 366.00	—	12 498 434.41
15. — — 13. — D.	— ..	—	3 310 188.00	—	4 545 280.71
16. — — 14. — A.	— ..	—	6 132 248.00	—	7 473 166.94
17. — — 14. — B.	— ..	—	59 823 758.00	—	62 721 733.52
18. — — 15. — A.	— ..	—	5 044 385.00	—	6 068 408.36
19. — — 15. — B.	— ..	—	6 249 404.00	—	6 597 417.24
20. — — 16. — A.	— ..	—	36 287 496.00	—	37 580 320.21
21. — — 16. — B.	— ..	—	6 102 555.00	—	6 537 550.81
22. — — 16. — C.	— ..	—	2 123 220.00	—	2 121 716.23
23. — — 16. — D.	— ..	—	12 774 067.00	—	12 288 595.08
24. — — 17. —	— ..	—	54 339 485.00	—	54 714 960.40
25. — — 18. —	— ..	—	12 952 661.00	—	13 765 891.65
26. — — 19. — 1.	— ..	—	45 900 000.00	—	52 347 858.91

Útborganir:	Áætlun:	Reikningur:	31	
27. Gjöld samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaga .. kr.	1 500 000.00	kr.	6 479 749.19	22. maí
28. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga —	40 934 853.00	—	85 745 926.84	
Greiðslujöfnuður —	276 056.00	—	46 901 525.06	
	Kr. 446 802 886.00	Kr.	585 221 532.27	

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

32

22. maí

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hefur verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar oddamann. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.